




Reykjavík, 28. september 2023

## Varðar: Laugavegu 114 – Fyrirspurn


Lögð fram fyrirspurn Arnar Þórs Halldórssonar, dags. 19. júlí 2023, um reksturs hótels í húsinu á lóð nr. 114 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Úr gildandi deiliskipulagi



Mæliblað

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Laugavegur 114 borgarluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 20. júlí 2006.

## Umsögn

Lóð nr. 114 við Laugaveg er skrifstofuhúsnæði, byggt árið 1953 skv. fasteignaskrá. Spurst er fyrir um hvort breyta megi húseign á lóðinni í hótél.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er, á svæði M1a sem umrædd lóð fellur undir, óheimilt er að breyta núverandi húsnæði, s.s. skrifstofuhúsnæði, íbúðum, verslunarhúsnæði í gististarfsemi. Mögulegt er þó að skilgreina gististarfsemi sem ákveðið hlutfall starfsemi *nýrrar uppbyggingar*, að undangenginni deiliskipulagsgerð, svo lengi sem hún skerði ekki gæði, stærð eða magn núverandi húsnæðis, s.s. skrifstofurýma, íbúða eða verslunarhúsnæðis, sem er fyrir. Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk.

Ekki er minnst sérstaklega á heimild til gististarfsemi í gildandi deiliskipulagi. Því er tekið neikvætt í erindið.

## Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri